

Skilgreining á einelti

Einelti er ójafn leikur þar sem einn aðili eða fleiri hafa ítrekað farið yfir persónuleg mörk annars aðila með líkamlegu, andlegu eða félagslegu ofbeldi eða félagslegri einangrun

Einelti getur þrifist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs fólks, vitsmunabroska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu

Aðgerðaáætlun gegn einelti

Vinna gegn einelti miðar að því að bæta samskipti, koma í veg fyrir að samskipti þróist í einelti og bregðast við á skipulegan hátt ef einelti á sér stað

Aðgerðaráætlun skiptist í two hluta, forvarnir og viðbragðsáætlun.

Forvarnarhluta aðgerðaráætlunarinnar skal útfæra nánar í hverju aðildafélagi Þróttar. Aðgerðaráætlun skal endurskoða reglulega.

Forvarnir

- Góður og jákvæður íþróttandi
- Öflugt foreldrasamstarf
- Öflugt félagsstarf í hópum
- Kynning á aðgerðaráætlun gegn einelti fyrir nýja stjórnarmeðlimi
- Fræðsla fyrir iðkendur og foreldra þeirra
- Skilgreining á hlutverki fararstjóra í ferðum félaganna
- Fræðsla um einelti
- Sáttmálar gegn einelti
- Upplýsingar til grenndarsamfélagsins um einelti, s.s. skólans

Viðbragðsáætlun

Engin tvö eineltismál eru eins og því þarfnaðast þau mismunandi og mismikillar íhlutunar, þó skulu eftirfarandi hlutverk, boðleiðir og verklag/vinnuferli alltaf höfð til hliðsjónar

Hlutverk og boðleiðir:

1. Sá sem fær upplýsingar um einelti vísar því til íþróttastjóra Þróttar sem kemur því áleiðis til eineltisteymis félagsins. Teymið skipa Vanda Sigurgeirs dóttir lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og er hún formaður teymisins, Funi Sigurðsson sálfræðingur og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir verkefnisstjóri hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Teymið tekur málið upp á fundi og setur það í þann farveg sem við á. Sá farvegur skiptist í könnunarþrep, lausnaþrep og eftirfylgni.
2. Stjórн hvers aðildafélags ber ábyrgð á að skipuleggja forvarnir.
3. Gætt er fyllsta trúnaðar allra málsaðila við meðhöndlun eineltismála.

Leiðbeinandi verklag/vinnuferli fyrir eineltisteymi:

Tilkynning

Allar tilkynningar um einelti eru teknar alvarlega

Öllum er heimilt að tilkynna einelti. Það á við bæði foreldra, iðkendur, þjálfara og aðra er koma að málinu.

Fylla skal út tilkynningu á þar til gert eyðublað. Tilkynningu á að skila til íþróttastjóra Þróttar.

Tilvísandi skal fá ljósrit af tilkynningu Íþróttastjóri afhendir formanni eineltisteymis Þróttar tilkynninguna.

Skipuleg skráning málsmeðferðar hefst

Könnunarþrep: Eineltisteymi Þróttar aflar frekari gagna. Rætt er við málsaðila og foreldra/forráðamenn þeirra, fyrst þann sem eineltið beinist að, síðan þann/pá sem taldir eru standa fyrir eineltinu. Rætt er við aðra aðila ef talin er þörf á til að varpa skýrara ljósi á málið, t.d. kennara þolandans og gerandans.

Lausnarþrep: Ákvörðun um lausnarleið er tekin á grundvelli niðurstaðna og í samráði við málsaðila og eru þeir upplýstir um niðurstöðuna í samráði við foreldra/forráðamenn málsaðila. Málsaðilum er gert kunnugt að málínu verður fylgt eftir með fundi eigi síðar en 3 – 4 vikum eftir að málsmeðferð hefst.

Eftirfylgd: Haft er samband við foreldra/forráðamenn þolanda og geranda. Málínu er lokað ef viðtölin leiða í ljós að eineltið hefur verið upprætt. Formaður eineltisteymis tilkynnir íþróttastjóra niðurstöður. Ef ekki tekst að uppræta eineltið er aftur boðað til fundar málsaðila. Í framhaldi tekur íþróttastjóri þá ákvörðun um framhaldið í samráði við eineltisteymi Þróttar. Samkvæmt Aðgerðaáætlun Æskulýðsvettvangsins (UMFÍ, KFUM/KFUK, BÍS, SL) áskilur félagið sér þann rétt að vísa geranda tímabundið úr starfi félagsins. En þar segir að ef einstaklingur veldur verulegri truflun á starfi félags síns og fullreynt er að hann láti segjast er heimilt að vísa viðkomandi tímabundið úr starfinu. Brottvísun er neyðarúrræði og komi til slíkrar ákvörðunar sækir viðkomandi ekki aðra viðburði á vegum félags síns meðan leitað er lausna á málum hans. (Sjá Aðgerðaáætlun Æskulýðsvettvangsins í viðhengi bls. 6)



Tilkynning – grunur um einelti

Iðkandi: _____

Íþróttagrein: _____ Dags: _____

Einelti er ójafn leikur þar sem einn aðili eða fleiri hafa ítrekað farið yfir persónuleg mörk annars aðila með líkamlegu, andlegu eða félagslegu ofbeldi eða félagslegri einangrun. Einelti getur þrifist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað án tillits til aldurs fólks, vitsmunabroska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu

Stutt lýsing s.s hvernig, hvar, hvenær, hve lengi.

Meintir gerendur / Tengsl við þolanda:

Tilkynnt af / tengsl við þolanda: _____

Móttakandi: _____

Undirskrift móttakanda



Könnunarþrep - áætlun

Iðkandi: _____

Íþróttagrein: _____ Dags: _____

- **Viðtöl við þolendur/gerendur**
- *Á hvaða hátt eiga atvikin sér stað (hvað er sagt og hvað er gert)*
- *Hvenær og hvar var seinasta tilfellið – nýlega?*
- *Hvar eiga atvikin sér stað (í klefum, á leiðinni á eða af æfingu...)?*
- *Hve oft (hverjum degi, annan hvern dag...einu sinni í viku)?*
- *Hve lengi hefur það staðið yfir?*
- *Er einhver foringi? Fylgja einhverjir með?*
- *Hvað hefur verið gert?*



Könnunarþrep – áætlun

Iðkandi: _____

Íþróttagrein: _____ Dags: _____

- **Viðtöl við foreldra þolenda/gerenda**
- Ræða tilkynningu
- Hver er upplifun foreldra?
- Hefur svipuð staða komið upp áður? Hvar, hvenær, hvernig?

- **Viðtöl við málsaðila sem mögulega koma að málínu (þjálfarar, iðkendur, kennrar)**

Lausnarþrep – áætlun



Iðkandi/Iðkendur _____

Íþróttagrein _____ Dags. _____

Lausnaráætlun

--



Eftirfylgni

Iðkandi/Iðkendur _____

Íþróttagrein _____ Dags. _____

Niðurstöður máls

--

Móttakandi: _____

Undirskrift móttakanda